

Aðgerðaáætlun 2023 – 2025

Kafli þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu þremur árum fyrir Varmárósa. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins en eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái stöðugt hverju sinni. Aðgerðaáætlunin er uppfærð árlega í samræmi við þriggja ára verkefnaáætlun Landsáætlunar um uppbyggingu innviða (Landsáætlun). Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða.

Árlega eða reglulega

- ✓ Umhverfisstofnun í samstarfi við Mosfellsbæ fylgist með náttúrufarslegu ástandi friðlandsins og innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Ástandsmat unnið af Umhverfisstofnun.
- ✓ Umhverfisstofnun uppfærir upplýsingar um friðlandið á heimasíðu þess eftir þörfum.
- ✓ Framandi, ágengum tegundum haldið í skefjum með slætti.
- ✓ Umhverfisstofnun í samstarfi við Mosfellsbæ og Hestamannafélagið Hörð vinni saman að því að koma í veg fyrir að úrgangur frá hrossum berist áfram inn í friðlandið.

2023

- ✓ Umsjónarsamningur endurnýjaður.
- ✓ Unnin verði áætlun um eyðingu framandi, ágengra tegunda og kostnaðargreining gerð.
- ✓ Upplýsingum um hundabann frá 20. apríl til 20. júlí komið á framfæri á skiltum og heimasíðu.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við þar til bæra aðila við að fylgjast með framandi, ágengum tegundum á svæðinu og landbroti og hvernig það hefur áhrif á fitjasefið.
- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við Mosfellsbæ og aðra sem málið varðar, meti hvar heppilegt er að hafa bílastæði og áningarstað sem uppfyllir kröfur um aðgengi fólks með fötun.
- ✓ Umhverfisstofnun sækir um styrki til að láta vinna deiliskipulag að svæðinu við Varmárósa í samstarfi við Mosfellsbæ.
- ✓ Merkingar um takmarkanir á umferð settar upp.
- ✓ Upplýsinga- og fræðsluskilti endurnýjuð.

2024

- ✓ Leitað verður eftir samstarfi við landeigendur um samvinnu við að fjarlægja ágengar, framandi plöntutegundir og hefta útbreiðslu þeirra.
- ✓ Gönguleiðir skilgreindar og merktar.
- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Varmárósa og hún verði uppfærð eftir þörfum.
- ✓ Deiliskipulag unnið.
- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við Mosfellsbæ, vinni tillögur um hvernig hægt er að bæta fræðslu til almennings, t.d. skólahópa, með verndargildi svæðisins í huga, svo sem með upplýsingum á jaðri svæðisins og á öðrum miðlum.

2025

- ✓ Aðgerðaáætlun endurskoðuð.